

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1889/2002****2006/EES/58/43**

frá 23. október 2002

**um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 448/98 um viðbætur og breytingar á reglugerð (EB) nr. 2223/96 að því er varðar skiptingu óbeint mældrar fjármálaþjónustu (FISIM) innan evrópska þjóðhags- og svæðisreikningakerfisins (EÞK) (\*)**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 448/98 frá 16. febrúar 1998 um viðbætur og breytingar á reglugerð (EB) nr. 2223/96 að því er varðar skiptingu óbeint mældrar fjármálaþjónustu (FISIM) innan evrópska þjóðhags- og svæðisreikningakerfisins (EÞK) <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð ráðsins (EB) nr. 2223/96 frá 25. júní 1996 um evrópskt þjóðhags- og svæðisreikningakerfi í Bandalaginu <sup>(2)</sup> eins og henni var síðast beitt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 359/2002<sup>(3)</sup> (hér á eftir „ESA-95“) kemur fram viðmiðunarrámi fyrir sameiginlega staðla, skilgreiningar, flokkanir og reikningsskilareglur sem beita skal við gerð þjóðhagsreikninga aðildarríkjanna vegna hagskýrsluþarfa Bandalagsins svo að fá megi fram niðurstöður sem eru samanburðarhæfar milli aðildarríkjanna.
- 2) Í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 448/98 voru gerðar breytingar á viðauka A við reglugerð (EB) nr. 2223/96 til að innleiða í aðferðafræði ESA-95 meginreglu við skiptingu óbeint mældrar fjármálaþjónustu (FISIM) og setja fram tilraunaaðferðir til skiptingar óbeint mældrar fjármálaþjónustu sem aðildarríkin áttu að prófa frá 1995 til 2001 þar sem reynslutíminn er nægilega langur til að meta hvort skiptingin gefi áreiðanlegri niðurstöðu en gildandi aðferð þar sem þessari þjónustu er ekki skipt á atvinnugreinar.
- 3) Í samræmi við 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 448/98 lagði framkvæmdastjórnin lokaskýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið 21. júní 2002 með eiginlegri

og meginlegri greiningu á áhrifum tilrauna-aðferðanna á skiptingu og útreikningi á óbeint mældri fjármálaþjónustu. Niðurstaða lokaskýrslunnar var sú að niðurstöður reynslutímans væru jákvæðar og að almennt væri viðurkennt að skipting óbeint mældrar fjármálaþjónustu bætti til muna aðferðafræði ESA-95 og gerði samanburð á vergri landsframleiðslu innan Evrópusambandsins nákvæmari.

- 4) Þar sem niðurstöður lokaskýrslunnar um áreiðanleika niðurstaðna, sem fengust á reynslutímanum, eru jákvæðar skal taka upp aðferðina við skiptingu óbeint mældrar fjármálaþjónustu fyrir 31. desember 2002 í samræmi við 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 448/98.
- 5) Í lokaskýrslunni, sem lögð var fyrir Evrópuþingið og ráðið, taldi framkvæmdastjórnin að tvö ár til viðbótar væru gagnlegur tími til að gera aðildarríkjnum kleift að gera frekari umbætur á heimildum og aðferðum sem notaðar eru við skiptingu óbeint mældrar fjármálaþjónustu.
- 6) Samráð hefur verið haft við hagskýrslunefndina um peningamál, fjármál og greiðsluöfnuð (CMFB), sem var komið á fót með ákvörðun ráðsins 91/115/EBE <sup>(4)</sup>, eins og henni var breytt með ákvörðun 96/174/EB <sup>(5)</sup>.
- 7) Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit hagskýrsluáætlunarnefndarinnar (SPC) <sup>(6)</sup>.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Aðildarríkin skulu framkvæma eftirfarandi útreikninga og skiptingar í samræmi við þá ítarlegu aðferðafræði sem lýst er í III. viðauka við reglugerð ráðsins (EB) nr. 448/98:

- a) útreikning og skiptingu óbeint mældrar fjármálaþjónustu milli notendageira með notkun viðmiðunarvaxtanna sem skilgreindir eru sem „aðferð 1“ í b-lið 1. liðar III. viðauka við reglugerð ráðsins (EB) nr. 448/98,

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. EB L 286, 24.10.2002, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2004 frá 26. apríl 2004 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 43, 26.8.2004, bls. 164.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 58, 27.2.1998, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 310, 30.11.1996, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 58, 28.2.2002, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 59, 6.3.1991, bls. 19.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 51, 1.3.1996, bls. 48.

- b) útreikning og skiptingu innfluttrar og útfluttrar óbeint mældrar fjármálaþjónustu (þ.m.t. óbeint mæld fjármálaþjónusta milli fjármálamilliliða sem eru búsettir í landinu og fjármálamilliliða sem ekki eru búsettir í landinu) með notkun viðmiðunarvaxtanna sem skilgreindir eru sem „ytri“ í b-lið 1. liðar III. viðauka við reglugerð ráðsins (EB) nr. 448/98,
- c) skiptingu óbeint mældrar fjármálaþjónustu milli atvinnugreina notenda byggt á stöðu lána og innistæðna hverrar atvinnugreinar eða ef þessar upplýsingar eru ekki áreiðanlegar,
- d) útreikning óbeint mældrar fjármálaþjónustu á föstu verðlagi á grundvelli reiknireglunnar í 3. lið III. viðauka við reglugerð ráðsins (EB) nr. 448/98.
2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni niðurstöður útreikninganna sem gerðir eru samkvæmt þessari grein sem hluta af töflunum, sem um getur í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 2223/96 (sendingaráætlun gagna er varða þjóðhagsreikninga), þ.m.t. eldri útreikningar frá og með 1995.
2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún gildir frá 1. janúar 2005.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. október 2002.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Pedro SOLBES MIRA

*framkvæmdastjóri.*